

Ár 2010, fimmtudaginn 18. mars kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Unnur Þormóðsdóttir og Herdís Þórðardóttir. Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði. Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Umhverfiráðuneytinu frá 2. mars 2010.**

Í bréfinu er kynntur Dagur umhverfisins 2010 en hann er haldinn 25. apríl ár hvert. Í bréfinu eru félög, skólar og sveitarfélög hvött til að taka virkan þátt í dag umhverfisins.

Lagt fram til kynningar.

1.2. **Eignarhaldsfélagi Suðurlands hf frá 26. mars 2010.**

Í bréfinu er boðað til aðalfundar Eignarhaldsfélags Suðurlands hf sem haldin verður föstudaginn 26. mars 2010 á Hótel Selfossi.

Fulltrúi Hveragerðisbæjar á fundinum er Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri..

1.3. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 3. mars 2010.**

Í bréfinu er kynnt niðurstaða Forvarnardagsins 2009 .

Lagt fram til kynningar.

1.4. **Nemendum og kennurum á Tómsunda- og félagsmálabraut MVS Háskóla Íslands ódagsett.**

Í bréfinu er áskorun til sveitarfélaga að standa vörð um tómsunda og félagsstarf í sveitarfélögum á núverandi umbrota- og óvissutímum og tryggja um leið jöfn tækifæri til þátttöku í fjölbreyttu, faglegu frítíma- og tómsundastarfi.

Lagt fram til kynningar og jafnframt vísað til menningar- íþróttá- og frístundanevndar.

1.5. **Markaðsstofu Suðurlands frá 5. mars 2010.**

Með bréfinu fylgdi þjónustusamningur fyrir árið 2010 milli Hveragerðisbæjar og Markaðsstofu Suðurlands. Samkvæmt honum mun Hveragerðisbær greiða til markaðsstofu kr. 350.- pr íbúa á árinu 2010.

Samningurinn samþykktur og bæjarstjóra falið að undirrita samninginn. Jafnframt er samþykkt að bæjarstjóri verði tengiliður við stofnunina.

1.6. **Lánasjóði sveitarfélaga frá 15. febrúar 2010.**

Í bréfinu er boðað til aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf sem haldin verður föstudaginn 26. mars á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu.

Fulltrúi Hveragerðisbæjar á fundinum er Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri.

1.7. **Þór Ólafi Hammer Ólafssyni frá 1. mars 2010.**

Í bréfinu er fyrirspurn um hvort settir verði upp opnir ruslagámar í Hveragerði fyrir ferðamenn.

Bæjarstjóra falið að ræða við bréfitara.

1.8. **UMFÍ frá 4. mars 2010.**

Í bréfinu er kynnt verkefni UMFÍ á sviði almenningsíþróttá sem kallast ganga.is.

Lagt fram til kynningar.

2. **Verkfundagerðir:**

2.1. **Áhaldahús frá 1. mars 2010.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 8:21

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Herdís Þórðardóttir, (sign.)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)